

# AUGLÝSING

## um starfsleyfi fyrir sorpeyðingu í Dalvík.

### 1. Almenn ákvæði.

1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslunarsorpi í Dalvík, Ólafsfirði, Árskógsströnd og Svarfaðardalshreppi.
2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfis sé snyrtilegt.
4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

### 2. Varnir gegn mengun umhverfis.

1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.
2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd. Losun olfu eða annarra vökva, sem valdið geta mengun eða öðrum skaðlegum áhrifum á lífríkið, á eða við sorpeyðinguna, er með öllu óheimil.
3. Leitast skal við að flokka úr sorpinu efni og hluta sem geta valdið mikilli mengun við bruna og eru því óæskileg í reyknum, öskunni og öðru því sem frá sorpbrennslunni kemur. Hér er átt við efni og hluti sem innihalda kadmíum, blý, kvikasilfur, klór o.fl.
4. Sérstakur staður skal vera fyrir brotamálma, leitast skal við að þeir fari til brotamálmvinnslu eftir því sem tók eru á.
5. Viðeigandi ráðstafanir skal gera til að hindra að vargfugl eða meindýr séu á landfyllingarsvæðinu.
6. Athafnasvæði sorpeyðingarinnar skal vera vel afgirt og skal gera sérstakar ráðstafanir til að fok berist ekki frá staðnum. Sorpbrennsluþró skal vera útbúin fokgrindum að ofan og við öskulosunarop.
7. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a.m.k. 60 cm af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.
8. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og að það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða öðrum gróðri við lokafrágang.
9. Úrgang, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar skal hreinsa upp reglulega.
10. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.
11. Brennsla á bíldekkjum og stærri plasthlutum er ekki heimil og leita skal leiða til endurnýtingar eftir því sem kostur er á.
12. Losun úrgangs í fjörur við sorpbrennsluna er óheimil.
13. Sé gerður verk- eða rekstrarsamningur fyrir sorpeyðinguna skal sá samningur vera í samræmi við ákvæði þessa starfsleyfis.

- 2.14. Umsjónarmaður sorpbrennsluþróarinnar skal hafa góða þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa.
- 2.15. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

### 3. Gjaldskrá og eftirlit.

3. 1. Sorpeyðingarstöðin skal árlega greiða eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá nr. 355/1986, með síðari breytingum. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfivinnslu.
3. 2. Eftirlitið er með tvennum hætti, annars vegar á vegum Hollustuverndar ríkisins sbr. nánar 3. gr. gjaldskrár vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja nr. 355/1986 og hins vegar í höndum fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur. Sorpeyðing Dalvíkur flokkast í 3. flokk skv. gjaldskrá nr. 355/1986.

### 4. Gildistaka.

4. 1. Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með mengun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu og gildir til næstu 3ja ára frá útgáfudegi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. mars 1989.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um starfsleyfi fyrir sorpeyðingu í Reykdælahreppi.

#### 1. Almenn ákvæði.

1. 1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslanasorpi.
1. 2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
1. 3. Skýlt er að sjá um, að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
1. 4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

#### 2. Varnir gegn mengun umhverfis.

2. 1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.
2. 2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.